

19. september 2019 kl. 15

Mætt á fundinn: Ólöf Inga, Svava, Sigga Bj, Halldór Arason, Þorbjörg, Elmar Dagur, Eiríkur og Helga Lyngdal

- Kynning á skólaráði.
Fundað verður einu sinni í mánuði á fimmtudögum.
Ákveðið að funda 3. október, 31. október og 5. desember.
- Farið yfir starfsmannamál.
Töluvert um forföll og veikindi starfsmanna það sem af er skólaárs.
- Aðalfundur FOKS var í gærkvöldi, 4 fóru úr stjórn. Tók ekki langan tíma að fylla stjórn og finna fulltrúa í umhverfisnefnd. Þar var m.a. rætt um aukna neyslu ungmenna hér í bænum. Á balli í Giljaskóla var mikill hópur fyrir utan og þurfti að kalla til lögreglu. Þarf að huga vel að gæslu á böllum hér í Síðuskóla. Foreldrafélagið, SAMTAKA og félagsmiðstöðvarnar þurfa að vinna saman til að sporna við þessari þróun. Foreldraröltið var virkt og árangursríkt, kannski hætt af því allt var farið að ganga vel. Fundurinn sendi frá sér ályktun um skólalóðina þar sem þrýst er á að farið sé í endurbætur á skólalóð. Nemendaráð sendi líka ályktun sl. vor, kom svar um að skólalóðin sé komin inn á fjárhagsáætlun. Ólöf segist fylgja þessu máli vel eftir. Nemendaráð tekur líka upp, fá hugmyndir frá nemendum.
- Síamál. Sú hugmynd er komin upp að gera Síðuskóla símalausan. Þetta var rætt á aðalfundi FOKS og fundargestir voru hlynntir því að gera skólann símalausan. Umræður fóru fram um þetta, hugmynd að prófa í stuttan tíma og meta svo framhaldið út frá reynslunni. Sú hugmynd líka rædd að gefa út að skólinn verði símalaus um áramót. Ákveðið að nemendaráð taki málið fyrir og geri jafnvel lista yfir það sem þarf að undirbúa.
- Starfsáætlun - er í vinnslu, verður klár á næstu dögum. Verður send til yfirlestrar fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 15.45